

## **Minnisblað Húsnæðisáætlun**

Sveitarfélögum ber að setja sér húsnæðisáætlanir og er hlutverk þeirra að draga fram mynd af því hver staða húsnæðismála er í hverju sveitarfélagi fyrir sig, greina framboð og eftirspurn eftir margvíslegum húsnæðisformum og setja fram áætlun um hvernig sveitarfélagið ætlar að mæta húsnæðisþörf heimila, bæði til skemmri og lengri tíma.

Á haustmánuðum 2016 var settur á fót starfshópur sem fékk það hlutverk að gera drög að reglum um stofnframlög fyrir Hafnarfjarðarbæ og leggja drög að húsnæðisáætlun. Starfshópurinn hefur nú fundað fimm sinnum á haustmánuðum en í starfshópnum eru eftirtaldir:

Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður,  
Sverrir Garðarsson,  
Óskar Steinn Ómarsson,  
Ólafur Ingi Tómasson,  
Skarphéðinn Orri Björnsson.

Regur um stofnframlög voru samþykktar í bæjarstjórn 23. nóvember 2016.

Starfshópurinn hefur unnið að greiningu á stöðu húsnæðismála í sveitarfélaginu. Íbúðalánasjóður hefur fengið það verkefni að aðstoða sveitarfélög við gerð húsnæðisáætlana. Íbúðalánasjóður hefur í því tilliti útbúið tillögu að efnisyfirliti húsnæðisáætlunar og tekið saman opinber gögn sem gætu komið að notum við vinnunni. Umrætt efnisyfirlit eða leiðbeiningar voru kynntar í mars mánuði s.l. og var þá ljóst að húsnæðisáætlanir eru það umfangsmiklar að ef vanda á til verka er nauðsynlegt að fá aðila að málum sem þekkir vel til gerð slíkra áætlana.

Ákveðið var að fá tilboð frá þremur fyrirtækjum í gerð húsnæðisáætlunar. Eftir ábendingar frá Sambandi sveitarfélaga var leitað til ALTA, VSÓ og KPMG. Rætt hefur verið við fulltrúa frá þessum fyrirtækjum, farið var yfir verkefnið og kynnt það sem þegar hefur verið gert. Óskað var eftir tilboðum frá þessum aðilum og gefinn frestur til 10. apríl n.k. Kallaður verður saman fundur í starfshópnum þegar tilboð liggja fyrir.

Hafnarfjörður 6. apríl 2017.  
Rannveig Einarsdóttir  
Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu.